



TILLAGA

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Framkvæmdir við strætóstöðvar 2022 – Nýjar stöðvar, færsla stöðva og áframhaldandi undirbúningur og verkhönnun.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki nýja staðsetningu strætóstöðva á Kringlumýrarbraut í Fossvogi, færslu stöðva á Snorrabraut norður fyrir Flókagötu ásamt því að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna framkvæmda við strætóstöðvar 2022.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér heimild fyrir áframhaldandi undirbúning, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna fullnaðarfrágangs í tengslum við breytingar á leiðaneti Strætó á sjö strætóstöðvum, tveggja nýrra strætóstöðva í Fossvogi í samstarfi við Vegagerðina og aðgengisbætandi aðgerða á 4 strætóstöðvum til viðbótar, þar með talið á Snorrabraut.

Aðgengi að núverandi strætóstöðvum á Snorrabraut sunnan Flókagötu er óviðunandi og þörf á töluverðum aðgerðum til að bæta úr því. Með hliðsjón af tillögu að nýju leiðarneti Strætó, þar sem núverandi staðsetning er utan akstursleiðar leiðar sem ekur Flókagötu og að Snorrabraut, er lagt til að stöðvarnar séu frekar færðar en að fara í lagfæringar á núverandi stað.

Áætlað er að framkvæmdir verði á árinu 2022 og að þær falli undir liðinn Strætó forgangur, endurnýjun og aðgengi að biðstöðva, í fjárfestingaráætlun.

Nánari upplýsingar um þær aðgerðir sem óskað er heimildar vegna eru í meðfylgjandi kynningu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

Hjálagt:

1. Kynning á tillögum til framkvæmda við strætóstöðvar 2022.